

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 2010 í málinu nr. E-7808/2009:

Ásdís Rán Gunnarsdóttir

(Jóhannes Ólafsson hdl.)

gegn

Verði tryggingum hf.

(Magnús Magnússon hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 18. júní 2009.

Stefnandi er Ásdís Rán Gunnarsdóttir, til heimilis í Sofiu, Búlgaríu, en stefndi er Vörður tryggingar hf., Borgartúni 25 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkenndur verði réttur hennar til skaðabóta úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 úr hendi stefnda, vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir er hún lenti í bílslysi 2. mars 2007, þegar hún var ökumaður bifreiðarinnar RH-128, sem váttryggð var af stefnda. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Málsatvik og ágreiningsefni

Stefnandi var ökumaður bifreiðarinnar RH-128, er hún lenti í árekstri 2. mars 2007. Bifreiðin var í eigu eiginmanns stefnanda, Garðars B. Gunnlaugssonar. Nokkuð tjón varð á bifreiðunum og hlutu ökumenn þeirra beggja nokkra líkamsáverka. Bifreiðin RH-128 hafði verið tryggð lögboðinni ökutækjatrýggingu hjá stefnda 13. desember 2005.

Stefndi hafnaði bótaskyldu og tilkynnti lögmanni stefnanda í tölvupósti 12. mars 2007 að váttrygging á bifreiðinni hefði verið fallin niður og hún því ekki í gildi á slysdegi. Var sú afstaða stefnda staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum 13. janúar 2009. Er álit úrskurðarnefndar svohljóðandi: „Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum var umrædd váttrygging fallin niður sökum vanskila á iðgjaldi. Ekki verður annað ráðið en að váttryggingafélagið hafi gætt tilkynningarskyldu sinnar samkvæmt reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 392/2003 sbr. og ákvæði váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004.“

Í stefnu segir að stefnandi geti ekki fallist á afstöðu stefnda og úrskurðarnefndarinnar, en telji þvert á móti að ökutækjatrýggingar hafi verið í fullu gildi þegar slysið átti sér stað. Því sé mál þetta höfðað.

Við aðalmeðferð gaf stefnandi skýrslu í gegnum síma, svo og eiginmaður hennar og váttryggingartaki, Garðar B. Gunnlaugsson. Verður vikið að framburði þeirra svo sem efni þykja til.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því að ætlaðar tilkynningar stefnda um niðurfellingu ökutækjatrýggingar RH-128 hafi ekki borist stefnanda og því ekki komist til hennar vitundar. Tilkynningarnar hafi því ekkert gildi gagnvart henni. Vísar stefnandi til þess að í 2. mgr. 11. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatrýggingar, sé kveðið á um að falli váttrygging vegna skráðs ökutækis úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi, skuli váttryggingafélagið gera váttryggingartaka aðvart og kynna honum réttaráhrif þess. Fullyrðir stefnandi að hvorki henni né eiginmanni hennar hafi borist tilkynning um niðurfellingu ökutækjatrýggingarinnar 14. ágúst 2006, enda hafi þau hjón flutt búferlum til Svíþjóðar í byrjun þess mánaðar. Telur stefnandi það ófullnægjandi af hálfu váttryggingafélagsins, og beri jafnframt vott um óvönduð vinnubrögð þess, að senda tilkynningu um niðurfellingu tryggingarinnar á lögheimili váttryggingartaka, án þess að frekar sé gengið eftir því að hann kynni sér efni tilkynningarinnar. Í tilviki stefnanda hefði félagið átt að kynna sér betur hvort raunverulegur dvalarstaður váttryggingartaka væri á lögheimili hans, ekki síst í ljósi þess að ekki var brugðist við áður sendum innheimtubréfum félagsins.

Stefnandi leggur á það áherslu að ábyrgðarbréf stefnda um niðurfellingu váttryggingarinnar, sem sent var á lögheimili stefnanda, hafi verið afhent manni sem sé algerlega ótengdur stefnanda eða eiginmanni hennar. Beri ljósrít bókar um ábyrgðarsendingar það með sér. Slík handvömm af hálfu stefnda hljóti að teljast alvarleg í ljósi þess að ábyrgðarsendingin hafði að geyma tilkynningu um niðurfellingu váttryggingarinnar. Slík ákvörðun sé afar íþyngjandi í garð váttryggingartaka og geti almennt haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar, eins og raun beri vitni í tilviki stefnanda. Jafnframt verði að hafa í huga að skylt sé að váttryggja ökutæki, sbr. XIII. kafli umferðarlaga nr. 50/1987, og sé váttryggingafélagi skylt að taka að sér lögmæltar slysatryggingu og ábyrgðartryggingu, sbr. 1. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Í ljósi ofanritaðs telur stefnandi það ekki standast hinn skýra áskilnað 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 392/2003 að senda aðeins tilkynningu á lögheimili stefnanda. Loks bendir stefnandi á að tilgangur laga um váttryggingarsamninga og umræddrar reglugerðar sé m.a. að tryggja réttarstöðu neytenda gagnvart váttryggingafélögum. Þurfi því að túlka óskýr laga- og reglugerðarákvæði neytanda í hag.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að váttryggingartaki hafi greitt stefnda 30.000 krónur 6. september 2006. Hafi aðstaðan þá verið sú sem stefndi haldi fram, að hinar lögboðnu ökutækjatrýggingar hafi verið niður fallnar, heldur stefnandi því fram að stefnda hafi borið að líta á þá greiðslu sem ósk um nýja váttryggingu, sbr. 3. mgr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga. Til frekari stuðnings þeirri málsástæðu vísar stefnandi til athugasemda með frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga

nr. 30/2004, en einnig til 3. mgr. 13. gr. þeirra laga, og heldur því fram að stefndi geti ekki komið sér undan ábyrgð á grundvelli tilvitnaðra ákvæða, með vísan til óstaðfesta vinnureglna sinna. Telur stefnandi að sú vinnuregla stefnda, að hafna frekari viðskiptum hafi váttrygging verið felld niður vegna vanskila, nema heils árs váttryggingariðgjald sé staðgreitt við töku nýrrar váttryggingar, fái ekki samrýmst 3. mgr. 33. gr. tilvitnaðra laga.

Stefnandi leggur einnig áherslu á að stefndi hafi ekki gert neinar athugasemdir við áður nefnda greiðslu váttryggingartaka. Stefnandi og eiginmaður hennar hafi því mátt gera ráð fyrir að váttrygging ökutækisins væri í fullu gildi. Jafnframt er því haldið fram að þótt heildariðgjöld ársins næmu 59.258 krónum, þá hafi heildargreiðslur váttryggingartaka samtals verið 75.000 krónur. M.a. af þessum sökum þyki stefnanda undarleg sú afstaða félagsins að telja bifreiðina óváttryggða, enda hafi í raun verið búið að greiða upp tryggingariðgjald næsta árs.

Við munnlegan flutning málsins byggði stefnandi einnig á því að öll gögn stefnda í málinu bæru það með sér að stefndi hefði felld niður ábyrgðartryggingu ökutækisins samkvæmt 91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ekki slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. sömu laga. Um tvær aðskildar tryggingar sé að ræða, en krafa stefnanda lúti að viðurkenningu um skaðabætur úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr., en ekki úr ábyrgðartryggingu ökumanns samkvæmt 91. gr. laganna.

Við sama tækifæri hélt stefnandi því fram stefnda hafi ekki getað dulist að stefnandi og eiginmaður hennar væru ekki búsett á Íslandi, þegar tilkynningar voru sendar þeim um vanskil tryggingariðgjalds og síðan um niðurfellingu tryggingarinnar, enda væru þau hjón mjög þekkt hér á landi og mikið í fjölmiðlum.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, en einnig til meginreglna samningaréttar. Þá er vísað til umferðarlaga nr. 50/1987, einkum 92. gr., svo og reglugerðar nr. 392/2003, um lögmaeltar ökutækjatrýggingar. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra.

Málsástæður stefnda og lagarök

Sýknukrafa stefnda er á því reist að ábyrgðartrygging fyrir bifreiðina RH-128 hafi verið felld niður 8. ágúst 2006 vegna vanskila váttryggingartaka á iðgjöldum. Því eigi stefnandi ekki rétt á skaðabótum úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga vegna afleiðinga þess slyss sem hún varð fyrir 2. mars 2007. Niðurfelling váttryggingarinnar hafi verið í samræmi við tilkynningu til váttryggingartaka 17. júlí 2006, þar sem fram kom að tryggingin yrði felld úr gildi án frekari fyrirvara, yrðu vanskil ekki greidd. Hafi stefndi síðan fylgt því eftir með ábyrgðarbréfi 9. ágúst sama ár. Heldur stefndi því fram að með tilkynningum þessum hafi verið uppfyllt skilyrði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 392/2003, þar sem fram komi skylda tryggingafélags til að gera váttryggingartaka viðvart um niðurfellingu tryggingar vegna vanskila. Hvorki stefnandi né váttryggingartaki hefði tilkynnt stefnda um að þau hefðu aðsetur annars staðar en á lögheimili sínu, eða að þau hefðu flutt lögheimili sitt, og beri þau ábyrgð á því. Mótmælir stefndi því að honum beri skylda til að ganga úr skugga um að skráð lögheimili váttryggingartaka sé raunverulegur dvalarstaður hans, eins og stefnandi haldi fram. Telur stefndi fjarri

að váttryggingartaki geti komist hjá niðurfellingu ábyrgðartryggingar með því einu að dvelja ekki á lögheimili sínu og láta farast fyrir að tilkynna stefnda um breyttan dvalarstað.

Stefndi mótmælir því að líta beri á greiðslu váttryggingartaka 6. september 2006, að fjárhæð 30.000 krónur, sem ósk um nýja váttryggingu. Því til stuðnings bendir hann á að í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004 komi fram að ef iðgjaldið er greitt eftir lok greiðslufrests, skuli líta á greiðsluna sem ósk um nýja váttryggingu. Heldur stefndi því fram að ákvæðið eigi aðeins við í þeim tilvikum þegar iðgjaldið er greitt í heild, en ekki að hluta. Í tilviki stefnanda hafi áður nefndri innborgun hins vegar verið ráðstafað inn á vanskil vegna liðins váttryggingartímabils. Að álitum stefnanda nægi ekki að greiða hluta iðgjalds eða vanskila til þess að váttrygging taki gildi, án frekari aðgerða eða samþykkis stefnanda. Því eigi túlkun stefnanda á 3. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004 ekki við rök að styðjast, enda væri váttryggjendum þá í lófa lagið að greiða eingöngu hluta af vanskilum til þess að knýja váttryggjandann til að viðhalda tryggingunni. Slík túlkun fái hvorki stoð í sjálfu lagaákvæðinu né í lögskýringargögnum. Stefndi hafnar því jafnframt að athugasemdalaus móttaka á innborgun váttryggingartaka 6. september 2006 hafi nokkur réttaráhrif í máli þessu.

Vegna málsástæðna stefnanda, sem fram komu við munnlegan flutning málsins, tekur stefndi fram að fullyrðingar stefnanda um að aðeins ábyrgðartrygging bifreiðarinnar RH-128 hafi fallið niður, en ekki slysatrygging ökumanns, eigi ekki við rök að styðjast. Bendir hann á að bæði í greinargerð sinni og víða í framlögðum gögnum sé tekið fram að um lögboðnar ökutækjatrýggingar sé að ræða. Þá mótmælir hann því að stefnda hafi átt að vera kunnugt um að stefnandi og eiginmaður hennar væru flutt af landi brott í byrjun ágúst 2006, þar sem þau hjón væru mjög þekkt hér á landi.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, og reglugerðar nr. 392/2004. Krafa hans um málskostnað styðst við 130., sbr. 131. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í gögnum málsins kemur fram að stefndi, Vörður tryggingar hf., tók að sér að tryggja bifreiðina RH-128, Mitsubishi Carisma, lögboðinni ökutækjatrýggingu 13. desember 2005, með gildistíma til 30. nóvember 2006. Váttryggingartaki var Garðar B. Gunnlaugsson, eiginmaður stefnanda. Iðgjaldið nam alls 59.358 krónum og var gjalddagi þess 12. janúar 2006.

Með bréfi stefnda 30. maí 2006 var váttryggingartaka tilkynnt að lögboðin ökutækjatrýgging vegna bifreiðarinnar yrði felld úr gildi eftir 13. júní, yrðu iðgjöld ekki greidd fyrir þann tíma. Fram kemur einnig í bréfinu að áður sendum greiðsluáskorunum hafi ekki verið sinnt. Var krafan ítrekuð með bréfi 8. júní 2006. Á framlögðu greiðslufirliti sést að greiddar voru 25.000 krónur inn á iðgjaldið 12. júní sama ár.

Stefndi sendi váttryggingartaka lokaviðvörðun vegna vangoldinna iðgjalda 17. júlí 2006. Samkvæmt því bréfi námu ógreiddar eftirstöðvar 39.829 krónum. Þar segir einnig: „Nú er svo komið að verði þessu ítrekunarbréfi ekki sinnt og iðgjald greitt eða samið um greiðslu þess þá mun félagið, eftir 15 daga frá dagsetningu

þessa bréfs, fella niður váttryggingaverndina án frekari viðvörunar skv. skilmálum félagsins.“ Fyrir liggur einnig bréf frá stefnda, dagsett 8. ágúst, þar sem skorað er á váttryggingartaka að greiða iðgjaldið, 59.358 krónur, þegar í stað og eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu. Að öðrum kosti verði váttryggingin felld úr gildi.

Með ábyrgðarbréfi 9. ágúst 2006 var váttryggingartaka tilkynnt að lögboðin ökutækjatrýgging vegna RH-128 væri fallin úr gildi, þar sem áður sendum ítrekunum og greiðsluáskorunum hefði ekki verið sinnt. Af ljósriti úr póstkvittanabók má sjá að bréfið var sent til Garðars B. Gunnlaugssonar, Álfkonuhvarfi 29, Kópavogi, og móttekið þar 14. ágúst af Orra.

Ekki er um það deilt að lögheimili stefnanda og eiginmanns hennar var að Álfkonuhvarfi 29 í Kópavogi á þeim tíma sem hér skiptir máli. Í skýrslum sínum fyrir dómi kvaðst hvorugt þeirra hins vegar kannast við að hafa séð viðvaranir stefnda um niðurfellingu ökutækjatrýggingar bifreiðarinnar, vegna vanskila á greiðslu iðgjalds, enda hefðu þau hjón verið mikið á flakki um heiminn á þessum tíma. Sérstaklega kvaðst eiginmaðurinn ekkert kannast við að hafa fengið í hendur tilkynningu félagsins um niðurfellingu tryggingarinnar frá 9. ágúst 2006, og vissi heldur engin deili á þeim manni, Orra að nafni, sem sagður er hafa móttekið ábyrgðarbréf stefnda.

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, er almennur greiðslufrestur á iðgjaldi váttryggingar einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans. Í 1. mgr. 33. gr. sömu laga kemur fram að sé iðgjaldið ekki greitt að liðnum greiðslufresti, og félagið ber ábyrgð, geti það losnað undan henni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Skuli tilkynningin skýrlega bera með sér að váttryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests. Í samræmi við framangreind ákvæði var svo mælt fyrir í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmaeltar ökutækjatrýggingar, að falli váttrygging ökutækis úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi skuli félagið gera váttryggingartaka (eiganda eða varanlegum umráðamanni ökutækis) aðvart og kynna honum réttaráhrif slíkrar tilkynningar.

Ekki er unnt að slá því föstu að váttryggingartaka hafi borist tilkynning stefnda frá 9. ágúst 2006, sem móttokin var 14. sama mánaðar, um niðurfellingu váttryggingarverndar, enda kvittaði hvorki stefnandi né váttryggingartaki fyrir móttöku ábyrgðarbréfsins. Hins vegar hefur stefnandi ekki fært sönnur á að önnur bréf félagsins hafi ekki borist váttryggingartaka, en í þeim öllum var váttryggingartaki varaður við því að frekari vanskil á greiðslu iðgjalds leiddi til brottfalls váttryggingarverndar. Voru bréfin stíluð á váttryggingartaka, Garðar B. Gunnlaugsson, á lögheimili hans að Álfkonuhvarfi 29 í Kópavogi, og verður ekki stefnda um kennt þótt stefnandi og váttryggingartaki hafi á sama tíma ekki dvalið þar eða ekki hirt um þau bréf sem þangað bárust. Breytir hér engu þótt stefnandi og eiginmaður hennar hafi flutt af landi brott í byrjun ágúst 2006, enda verður ekki séð að stefnda hafi verið tilkynnt um flutninginn og hið nýja heimilisfang. Því síður hafa verið færðar sönnur á þá staðhæfingu stefnanda að stefnda hafi mátt vera ljóst að þau hjón hefðu flutt búferlum, þar sem þau væru mjög þekkt hér á landi og mikið í fjölmiðlum. Í ljósi þessa hafnar dómurinn þeirri málsástæðu stefnanda að tilkynning stefnda um niðurfellingu ökutækjatrýggingar RH-128 hafi verið ófullnægjandi og í andstöðu við fyrirmæli 2. mgr. 11. reglugerðar nr. 392/2003, um

lögmæltar ökutækjatrýggingar. Þvert á móti er það álit dómsins að stefndi hafi staðið rétt að sendingu bréfanna á lögheimili váttryggingartaka og að með þeim hafi hann bæði aðvarað váttryggingartaka um yfirvofandi niðurfellingu váttryggingarverndar, vegna vanskila á iðgjöldum, svo og kynnt honum þau réttaráhrif sem af því leiddi, allt í samræmi við 1. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, sbr. og 2. mgr. 11. gr. áðurnefndrar reglugerðar nr. 392/2003. Í kjölfar þessa var stefnda því heimilt að fella niður ökutækjatrýggingar RH-128. Skiptir þá ekki sköpum þótt tilkynning stefnda frá 9. ágúst 2006 um niðurfellingu váttryggingarverndar hafi ekki borist váttryggingartaka, enda var í fyrri bréfum, og þá sérstaklega frá 17. júlí sama ár, skýrlega varað við því að frekari vanskil leiddu til slíks.

Eins og áður greinir greiddi váttryggingartaki 30.000 krónur inn á vangoldið iðgjald bifreiðarinnar 6. september 2006, en tryggingin hafði þá verið felld úr gildi. Heldur stefnandi því fram að stefnda hafi borið að líta á þá greiðslu sem ósk um nýja váttryggingu, og vísar til 3. mgr. 33. gr. laga nr. 30/2004 því til stuðnings. Umrætt ákvæði hljóðar þannig: „Ef iðgjaldið er greitt eftir lok greiðslufrestsins í 1. mgr. ber að líta á greiðsluna sem ósk um nýja váttryggingu. Regla 3. mgr. 13. gr. gildir þá með sama hætti, en ábyrgð félagsins hefst þó fyrst daginn eftir að iðgjaldið er greitt.“

Ljóst er að umrædd greiðsla var ekki fullnaðargreiðsla á iðgjaldinu, aðeins innborgun á það sem gjaldfallið var. Verður því ekki á það fallist að með þeirri greiðslu hafi verið stofnað til nýrrar váttryggingar, án atbeina stefnda. Ekki verður heldur tekið undir þau rök stefnanda að sú vinnuregla stefnda að hafna frekari viðskiptum, hafi váttrygging verið felld niður vegna vanskila, nema heils árs váttryggingargjald sé staðgreitt við töku nýrrar váttryggingar, fari í bága við 3. mgr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga. Er beinlínis gert ráð fyrir því í 1. mgr. 32. gr. sömu laga að váttryggingafélög geti bundið ábyrgð félagsins því skilyrði að iðgjaldið sé greitt þá þegar. Þá verður ekki á það fallist að athugasemdalaus móttaka stefnda á umræddri greiðslu hafi hér nokkra þýðingu. Hafi stefnandi og eiginmaður hennar hins vegar talið að með greiðslunni hafi þau mátt ætla að váttryggingin væri í fullu gildi, mátti þeim einnig vera ljóst að gildistími tryggingarinnar rynni út 30. nóvember 2006.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að greiðslur váttryggingartaka á váttryggingartímabilinu hafi alls numið 75.000 krónum, og hann því að fullu greitt iðgjöld ársins og að hluta iðgjöld næsta árs. Hafi stefndi ekki tekið tillit til innborgunar að fjárhæð 20.000 krónur, sem greiddar hafi verið 22. febrúar 2006. Af hálfu stefnda er þessu mótmælt og bent á að innborgun þessi hafi verið bakfærð, að ósk váttryggingartaka 8. maí 2006, og færð sem innborgun á viðskiptareikning stefnanda. Þannig hafi váttryggingartaki aðeins verið búinn að greiða 25.000 krónur þegar tryggingin var felld niður. Með síðari greiðslu sinni, að fjárhæð 30.000 krónur, sem hann innti af hendi 6. september 2006, hafi hann samtals greitt 55.000 krónur inn á iðgjaldsskuldina. Ársiðgjaldið hafi hins vegar verið 59.358 krónur, og sé þá ekki tekið tillit til áfallinna vaxta.

Framlögð gögn, bæði greiðslufirlit og bréf stefnda til úrskurðarnefndar í váttryggingamállum, staðfesta að váttryggingartaki greiddi samtals 55.000 krónur inn á iðgjaldsskuldina, þar af hafði hann aðeins greitt 25.000 krónur þegar tryggingin var felld niður. Augljóst er því að með þeirri fjárhæð hafði hann ekki lokið greiðslu

ársiðgjaldsins.

Ekki þykir hald í þeirri málsástæðu stefnanda, sem fyrst kom fram við munnlegan flutning málsins, að stefndi hefði aðeins fellt úr gildi ábyrgðartryggingu ökutækisins, en ekki slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga. Nægir í því sambandi að vísa til þess að með orðnotkuninni „lögmæltar ökutækjatrýggingar“ er bæði átt við ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns, sbr. reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 392/2003. Þá fer ekki á milli mála að í greinargerð stefnda er á því byggt að bæði ábyrgðartrygging og slysatrygging hafi fallið úr gildi vegna vanskila vátryggingartaka, og beinlínis vísað þar til 92. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt framanrituðu er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 350.000 krónur.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Ásdísar Ránar Gunnarsdóttur.

Stefnandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 4. febrúar 2010.

Gjald kr. 2,000.-

Greitt.